

Stefna ISAL

Gildin okkar:

Ábyrgð

Samvinna

Heilindi

Virðing

Hlutverk okkar er að framleiða hágæða ál með hámarksarðsemi í samræmi við óskir viðskiptavina og þannig að heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál séu höfð í fyrirrúmi. Fyrirtækið einsetur sér að vera í fremstu röð í allri starfsemi sinni, að hafa stöðugar umbætur að leiðarljósi og að starfa ávallt í sátt við umhverfi og samfélag. Framtíð okkar byggist á framúrskarandi starfsfólki. Við fylgjum í einu og öllu lögum og reglum og uppfyllum siðareglur Rio Tinto. Framtíðarsýn okkar er að tryggja vöxt og samkeppnishæfni fyrirtækisins til lengri tíma.

Skaðlaus vinnustaður

Það er sannfæring okkar að áhersla á heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál sé forsenda framúrskarandi árangurs.

Öflug liðsheild

Ein mikilvægasta auðlind okkar er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað.

Fyrsti valkostur viðskiptavina

Markmið okkar er ánægðir viðskiptavinir, sem líta á ISAL sem fyrsta valkost.

Verðmætasköpun

Við viljum hámarka arðsemi fyrirtækisins og tryggjum skilvirkni allra ferla með stöðugum umbótum og skýrum mælanlegum markmiðum.

